



**Tilnefningar
til
íslensku
forvarnaverðlaunanna**

Tilkoma Íslensku forvarnaverðlaunanna

Íslensku forvarnaverðlaunin eru samstarfsverkefni Sjóvá, Landsbjargar, Landspítala, háskólasjúkrahúss og Lýðheilsustöðvar. Sjóvá áttu frumkvæði og er bakhjarl íslensku frovarnaverðlaunanna.

Settur var á laggirnar vinnuhópur sem í áttu sæti Kristín Sigurðardóttir læknir, Fræðslustjóri SLYSA- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir hönd Landspítala háskólasjúkrahúss, formaður nefndarinnar. Ólafur B Thors framkvæmdarstjóri. Herdís L Storgaard verkefnisstjóri Árvekni fyrir hönd Lýðheilsustöðvar. Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóri Landsbjargar fyrir hönd Landsbjargar. Þór Sigfússon forstjóri ábyrgðaraðili. Einar Guðmundsson var starfsmaður nefndarinnar.

Hlutverk vinnuhópsins var að finna aðila sem skarað hafa framúr í forvörnum. Ákvað vinnuhópurinn að skipta tilnefningum í 3 hópa, einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki. Auglýstar voru umsóknir um verðlaunin og var hægt að tilnenfa á heimasíðu Sjóvá. Auk þess aflaði vinnuhópurinn sér gagna um ýmsa aðila sem komið gætu til greina sem handhafar verðlaunanna.

Alls bárust 41 tilnefning frá 44 aðilum. Ljóst er að margir eru að vinna gott starf á þessu sviði og ekki auðvelt að finna handhafa verðlaunanna. Vinnuhópurinn valdi 3-5 úr hverjum hópi í undanúrslit.

Að nákvæmri skoðun lokinni var einn aðili tilnefndur í hverjum flokki og fá þeir allir viðurkenningu fyrir frábært starf að forvörnum. Að lokum er einn af þessum þremur aðilum valinn sem handhafi „Íslensku forvarnaverðlaunanna”.

Fjöldi tilnefninga:

Alls bárust 41 tilnefning frá 44 aðilum

Einstaklingar	11 tilnefningar	frá 11 aðilum
Félagasamtök	10 tilnefningar	frá 12 aðilum
Fyrirtæki	20 tilnefningar	frá 21 aðilum

	Flokkur: Einstaklingar
Tilnefning	Ástæða
Sigríður Hulda Jónsdóttir	Sigríður var námsráðgjafi í Fjölbrautarskóla Garðabæjar. Þar fékk hún áhuga á að stuðla að því að unglingar velji sér heilbriggt lífsemi fremur en áfengi og fíkniefni. Hefur mest megnis verið að vinna í hópum sem hafa haft það að markmiði að stuðla að því að á hverjum og einum stað sé nægt framboð af heilbrigðri tómstundaiðju fyrir unglingana. Vann t.d. í <i>Vertu til hópnun</i> sem var á vegum ríkisins og vann þar með Árna Einarssyni. Hefur verið að funda með sveitarfélögum og skólum til að finna út hvaða leiðir er hægt að fara til að efla framboð af tómstundaiðju fyrir krakkana. Hún vissi ekki hversu lengi hún hefur verið í þessu starfi eða hversu víða hún hefur farið með þessa fundi sína og gat ekki heldur bent mér á hvað hefur verið gert á einhverjum stöðum á landinu í kjölfarið af hennar vinnu.
Þorsteinn Haukur Þorsteinsson	Hann haldið öflugum forvarnarstarfi meðal ungmenna á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, hefur haldið fræðslufyrirlestur um skaðsemi fíkniefna. Hefur ÞHP talað við hundruði fermingarbarna um allt land. hann átti stóran þátt í að gefinn var út forvarnardiskur um skaðsemi fíkniefna
Þráinn Hafsteinsson og Þórdís Gísladóttir	Þráinn Hafsteinsson er íþróttafræðingur að mennt, hann keppti á árum áður fyrir HSK og Ármann en flutti sig yfir í ÍR seinna þar sem hann nú þjálfar, en þó keppir hann stöku sinnum. Þráinn er einn reyndasti frjálsíþróttamaður Íslands fyrr og síðar. Hann var lengi í bransanum og keppti á alþjóðlegum stórmótum, m.a. á Heimsmeistaramótinu 1983. Þráinn keppti sem tugþrautarmaður og átti Íslandsmetið, 7724 stig allt þar til Jón Arnar Magnússon bætti það. Þráinn var fær í flestan sjó því hann kastaði bæði kastáhöldum vel og hljóp millivegalengdirnar á stórgóðum tíma. Reynsla hans á öllum þessum sviðum kemur sér því gífurlega vel fyrir lærisveina hans og meyar í unglingsflokkum ÍR, hann getur sagt öllum til, hvort sem um kastara, stökkvara, eða hlaupara er að ræða. Þórdís Gísladóttir er ein allrabesta frjálsíþróttakona sem Ísland hefur alið. Hennar aðalgrein var hástökk, en hún á einmitt Íslandsmetið í þeirri grein, setti það á móti í Grimsby á Englandi árið 1990. Síðan þá hefur metið aldrei verið í hættu. Hefur Þórdís keppt á fjölmörgum Heimsmeistara mótum eða alls 6 talsins ásamt því að hafa tekið þátt í tvennum Ólympíuleikum, 1976 í Montreal í Kanada og 1984 í Los Angeles. Þórdís keppti líkt og Þráinn fyrir HSK á árum áður en hefur nú flutt sig yfir í ÍR þar sem hún þjálfar stökkgreinar
Þorsteinn Pétursson	Steini lögga” gríðarlega duglegur og öflugur í alhliða forvarnarstarfi á Akureyri. Hann fer á öll skólastig; í leikskóla, grunnskóla, Menntaskólann á Ak. og Verkamenntaskólann, og ræðir það sem við á á hverju stigi, allt frá umferðarmálum til fíkniefna og allt þar á milli. Það sem hann segir kemur frá hjartanu og nær til þeirra sem hann er að ræða við. Starf hans hafi þróast úr hlutastarfi í fullt starf á þessum vettvangi og á hans vinnuveitandi því miklar þakkir skildar fyrir þann skilning og stuðning sem þeir sýna mikilvægi forvarnarstarfs. Þrátt fyrir skilning yfirmanna hefur Þorsteinn sinnt sínu starfi langt umfram skyldur og er leitað til hans með ýmis vandamál sem koma upp og leitast hann við að aðstoða og leysa úr og ber í því sambandi sérstaklega að benda á þau börn sem lent hafa utangarðs.
Ómar Smári Ármannsson	forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík og þar með á landinu öllu. Var boðinn og búinn til samvinnu og fastur fyrir að fylgja eftir markmiðum.
Konan mín og Björgvin Sonur okkar	Gott álit á þeim sem aka mínum bíl enda aka þau alltaf gætilega.
Leoncie – Indv.prinsessan	This Incredible Icelandic artist is one of a kind
Dr. Hákon Hrafn Sigurðsson	Stofnaði heimasíðuna rokk.is. tel framlag hans hafa mikið forvarnargildi fyrir ungt fólk, krakkarnir líta til dæmis mjög upp til Hákonar
Reynir Alfreð Sveinsson	Hann er að setja af stað ásamt Sjálfsvarnarskóla Íslands námskeið fyrir konur þar sem við getum lært að ráðast á andstæðinginn ef við yrðum svo óheppnar að verða fyrir árás af hendi karlmanns með nauðgun eða annað slæmt í huga.. Þetta er sko nokkuð sem bráð vantar í Íslenskt samfélag og hefði komið mörgum KONUM að góðu og þær geta notað...
Sóley S Bender, dósent HÍ	Frumkvöðlastarf að forvörnum varðandi getnaðarvarnafræðslu til ungs fólks á Íslandi og rekstur á sérhæfðri móttöku á Lsp þess eðlis
Brynjólfur Mogensen	Fyrir sitt framlag í gegnum árin, sem hefur snúist um að koma á framfæri mikilvægi forvarna og einnig fyrir úrvinnslu ýmissa tölfræðilegra upplýsinga sem að slysum snúa. Einnig vegna vinnu sinnar og fleiri góðra aðila að uppbyggingu á slysaskrá Íslands. Síðast en ekki síst fyrir að eiga sér þann draum og markmið að koma á fót rannsóknarstofu í slysa- og bráðafræðum.

	Tilgangur hennar verður m.a. að átta okkur betur á þeim vandamálum sem við búum við tengdum slysum og veikindum, til að hægt sé að beita forvörnum á markvissari hátt.
--	--

Flokkur: Félagasamtök	
Tilnefning	Ástæða
GLÍMA forvarnafélag í MA og Stefán Þór Sæmundsson forvarnafulltrúa MA	<p>GLÍMA er forvarnafélag í MA, sem stofnað var fyrir 2 árum af nemendum í samstarfi Stefán Þór Sæmundsson, forvarnafulltrúa skólans og íslenskukennara. GLÍMA stendur fyrir GLeði Í MA. Þetta er félag sem vekur áhuga á því að áfengislaust félagslíf sé mögulegt og eftirsóknarvert. Kjörorðið er gleði án vímu.</p> <p>Farið hefur verið í alla 1. bekkina í MA með jafningafræðslu og stefnt hefur verið að því að fara í grunnskólabecki, þá sérstaklega alla 7. bekki. Leitast er við að efla sjálfmyndina og tala við krakkana um áfengi, fíkniefni og mikilvægi heilbrigðs lífennis. Þetta eru ekki reyngu- sögur, heldur staðreyndir og umræður, oft frá öðru sjónarmiði en þau eru vön. GLÍMA hefur frá upphafi reynt að smita út frá sér og var t.d. gerð tilraun til að stofna systursamtök í MR Ungmennin sem að þessu standa eiga mikinn heiður skilinn sem og skólayfirvöld MA; annars vegar með því að viðurkenna og styðja mikilvægi forvarna með því að stofna til embættis forvarnafulltrúa skólans og hins vegar með því að viðurkenna vinnu nemanda og meta þeirra framlag til forvarnavinnu, til eininga. Þess ber að geta að MA hefur haldið sínar um 1000 manna árhátíðir áfengislausar í 15-20 ár, sem og allar sínar skemmtanir, en fjölmiðlar hafa lítinn áhuga haft á því. Hins vegar sótti stjórn nemendafélag MA það mjög hart að þeir greindu frá þessu í fyrri, til að upplýsa um það að áfengislaus gleði ungmenna væri til og gengi bara vel og væri skemmtileg. Tókst að vinna á fjölmiðlum, en stjórn nemendafélagsins þurfti að beita sér mikið til þess (miklu meira en ef fjölmiðlar hefðu getað sagt frá einhverju s</p> <p>Tengsl: Birting, samtök ungs fólks sem mótmæla því ofbeldi sem er í þjóðfélaginu og virðist vera vaxandi. Sama fólk og er í Glímunni, en við bætist samstarf við Verkmenntaskólann á Ak. Stóðu að mótmælum gegn ofbeldi á Akureyri og Reykjavík í fyrri.</p>
Kvinnasveitin Dagbjörg	Fyrstar m. Verkefni: Heimsækja alla eldri borgara í þeirra heimabæ og skoða slysaástandur á heimilum veita ráðleggingar m. forvarnargildi við slysavarnir, og eldvarnir og gerðar ráðstafanir um úrbætur Þetta varð til að Landsbjörg fer í Lands-átak hjá eldri borgurum og mikil vakning hefur orðið á ýmsum stöðum um málefni eldri borgara
Kiwanis umdæmið Ísland Færeyjar í samstarfi við Eimskip	Gefa 7 ára börnunum reiðhjól hjálma. og núna er þetta 3 árið sem öll börn í landinu í fyrsta bekk fá hjálma að gjöf þessari gjöf fylgir fræðsla. Stefnið félagið á að gera ein dag á ári að hjálma degi. Þá hefur fræðslupakki um hjálma verið tekinn saman fyrir hjúkrunarfræðinga. Einnig má nefna að verið er að undirbúa fræðslu vegna hjálmanotunar á hjólabrettum og línuskautum. Eimskip styrkir verkefnið
Ástráður, Forvarnarstarf lækanema	Hefur staðið fyrir kynfræðslu 16 ára ungmenna í nær öllum framhaldsskólum landins nú til nokkra ára. Einnig hefur Ástráður farið í forvarnarferðir í grunnskóla í auknum mæli, ásamt ferðum á meðferðarheimili og félagsmiðstöðvar. Einnig heldur Ástráður úti öflugri heimasíðu. Þetta er óeigingjarnt sjálfbodastarf.
Brautin – bindindisfélag ökumanna	Hafa unnið að bættri umferðarmenningu í 50 ár. Barist fyrir bílbeltanotkun, gegn ölvunarakstri, staðið fyrir klúbbum ungmenna um umferðarmál, verið með átök ýmiskonar, Ökuleikni, stóðu fyrir komu veltibilsins, ýmis konar fræðslu í skólum, meðal krakka í vinnuskólum o.fl.
Landsbjörg	Slysavarnafélagið Landsbjörg er sjálfbodaliðafélag sem vinnur að björgunar- og slysavarnamálum á landsvísi. Félagið var stofnað 1999 þegar Slysavarnafélag Íslands, stofnað 1928, og Landsbjörg, stofnað 1991, voru sameinuð. Félagið rekur 101 björgunarsveit sem eru tilbúnar til leitar og björgunar árið um kring og 80 slysavarnadeildir sem vinna að slysavörnum heima í héraði. Jafnframt vinna starfsmenn félagsins að slysavörnum og eru helstu málaflökkarnir ferðamennska, umferð, börn og aldraðir. Félagið annast úttektir á hættulegum stöðum, auk þess að annast útgáfu fræðsluefnis og bjóða upp á forvarnar- og fræðsluerindi.
Hrókurinn	Fyrir hugsjónastarfsemi og fyrir að auka veg skákarinnar héraendis sem og erlendis. Starf Hróksins snýr m.a. að því að gefa krökkum tækifæri til að læra og þroskast í heilbrigðum leik. Leikur óháður aldri eða tungumáli. Viðleitni í að færa börn frá sjónvarpi og tölvuskjám. En starfið snýst ekki eingöngu um það. Hrókurinn hefur farið með skákina til landa eins og Grænlands, Namibíu og FYR. Þar eru börn sem njóta ekki sömu tækifæra og jafnaldrar á Íslandi. Þessum börnum hafa verið færð töfl og aðrar gjafir til að lifga upp á

	tilveru þeirra. Þau hafa fengið skákkennslu og komið hefur verið á áframhaldandi samvinnu ýmissa aðila í þessum löndum
Frjálsíþróttadeild ÍR	Hefur um árabíl staðið fyrir mjög öflugum barna- og unglíngastarfi fyrir aldurshópinn 5 ára og uppú. Mikið félagslíf og fræðsla fer fram bæði skipulögð en einni fræðsla sem fer fram með mannlegum samskiptum og samveru á æfingum, í æfingabúðum og öðrum samverustudnum
Samhjálp	Markviss vinna að forvörnum. Þar má nefna Marita fræðsluna sem fer í mjög marga 10. bekkir grunnskólanna
Samfés -Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi	Samtökin hafa frá stofnun þeirra verið í forystu um nýbreytni í æskulýðsstarfi og haft frumkvæði að fjölda verkefna og viðburða sem fest hafa í sessi í unglíngamenningu landsmanna.
Verndum bernskuna	Þetta er verkefni sem miðar að því að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu og er samvinna Þjóðkirkjunnar, forsætisráðuneytisins, umboðsmanns barna, Heimilis og skóla og Velferðarsjóðs barna. Þau sendu bækling með tíu hollráðum auk hugleiðinga út frá þeim inn á öll heimili landsins sl. haust og síðan hafa verið auglýsingar og blaðaskrif í blöðum og kynningar á fundum. Þessu verkefni er að ljúka núna í júní en þeir sem að verkefninu standa hafa hug á að gefa þessi tíu hollráð út á segulspjaldi og senda foreldrum/forráðamönnum allra barna upp á 7 ára aldri næsta vetur til að hamra járníð. Að auki halda þau úti heimasíðu og er slóðin http://verndubernskuna.is/

Flokkur: fyrirtæki	
Tilnefning	Ástæða
66° Norður	Fyrir að framleiða öruggan barnafatnað án þess að hafa verið benir um það tillagan um að taka reimar úr fatnaði kom í kölfar slyss í Hafnafirði fyrir 10 árum það voru reyndar aðrir eigendur þá. slysið sem varð var ekki vegna fatnaðar frá þeim.
ÍTR	Vegna námskeiða á þeirra vegum sumarnámskeið og þeirra öryggisvinnu sem þeir hafa veidd í þar. þeir hafa sett sér eigin reglur um öryggi barna sem eru með því besta sem þekktist í heiminum. Þetta haf þeir gert án þess að lög geri ráð fyrir
Rannsóknir og greining ehf (R&G).	R&G hefur frá árinu 1997 verið frumkvöðull að rannsóknum á högum ungs fólks á Íslandi. Reglubundnar kannanir R&G á vímuefnaneyslu og félagslegum aðstæðum ungs fólks á aldrinum 10 - 20 ára eru stærstur hluti rannsóknanna og eru niðurstöður þeirra grundvöllur að umfangsmiklu forvarnastarfi, stefnumótun og upplýsingamiðlun um allt land.
Þorbjörn Fiskaness.	Þá eru þeir með öryggisstjórnunarkerfi bæði í sjó- og landvinnslu. Sjór: Á sjó hefur kerfið skilað því að núna eru skip þeirra athugasemdalau er búnaðarskoðun er gerð sem var ekki áður og starfsmenn eru mjög meðvitaðir um öryggismál, slyshættur og fleira. Þeir hafa ekki tölur um slysatíðni. Núna vita allir starfsmenn hvar hlutir eru geymdir, á hvaða stöðum um borð er meiri hætta á slysum e og reynt hefur verið að lágmarka slyshættur, hverjar flóttaleiðirnar eru og þær eru allar hindrunarlaugar en áður var ekki vitað hverjar þær væru og þær þurftu að laga nokkuð til að vera án hindrana. Skip skila skýrslum x1 í viku til sinna yfirmanna um stöðu mála hvað er að og hvað þarf að laga. Fyrirtækið útbýr ný skip og lagar þau gömlu með það að markmiði að þau séu eins örugg og kostur er. Mikil nýliðafræðsla er og allir sjómenn eru skyldaðir til að fara í gegnum fræðslu þó svo þeir hafi verið mörg ár á sjó. Öryggisnefnd er um borð í hverju skipi sem skilar af sér fundargerðum um stöðu mála. Landvinnsla: Þar hefur verið tekið á áhættuþáttum. Fræðsla er til starfsmanna og handbækur hafa verið gefnar út á 4 tungumálum þar sem nokkuð er um erlenda starfsmenn. Reglur hafa verið settar um þau störf sem hafa sýnt sig að eru hættumeiri en önnur eins og lyftara bæði tengt fatnaði eins og skóm með stáltá og aðra umgengni. Í landvinnslunni er ekki til skráning um tíðni slysa eða hvernig hún hefur breyst en hún hefur verið mjög sveiflukenn í gegnum ári eins og á sjónum. Landvinnslan skila skýrslum x1 í viku til sinna yfirmanna um stöðu mála hvað er að og hvað þarf að laga. Öryggisnefnd er í landvinnslunni sem skilar af sér fundargerðum um stöðu mála. Eftirlitsaðili er yfir þessu ferli hjá Þorbirni Fiskanessi en hann fer yfir gang mála og gerir athugasemdir ef þörf er á.
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Vegna framlags til forvarna, m.a. eldvarnaátak LSS um jól og áramót. Sérstaklega má nefna starfsmenn Brunavarna Suðurnesja sem vinna mjög gott starf í skólum m.a. að gerð rýmingaáætla.
Sæbjörgin	Slysavarnaskóli sjómanna var stofnaður árið 1985 og hefur allar götur síðan unnið mikið starf

	<p>í fræðslu til sjómanna um öryggismál á sjó. Alls hafa yfir 22.000 manns sótt yfir 1000 námskeið sem skólinn hefur haldið frá stofnun. Fjöldi sjómanna hafa bent á að sú fræðsla sem þeir höfðu fengið á námskeiðum skólans hafi skipt sköpum á raunarstundu. Tíðni banaslysa á sjó hefur fækkað umtalsvert svo og alvarlegum slysum á sjómönnum. Í dag er Slysavarnaskólinn starfræktur um borð í skólaskipinu Sæbjörgu en með því að hafa skólann um borð í skipi eru sjómenn að læra öryggisfræðin í réttu umhverfi sem og að siglt er með námskeið á hafnir landsins. Hilmar Snorrason skólastjóri. Hann barðist fyrir hjámanotkun á sjó og var með þeim fyrstu sem það gerði sjálfur.</p>
VÍS	<p>Fyrir sitt framlag til forvarnarstarfs í umferðarmálum. Sérstaklega ber að nefna;</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Áherslu í að auka sýnilega löggæslu á Íslandi, sem verulega hefur verið dregið úr hér á landi, þó að sannað sé að sýnileg löggæsla dregur úr hraða og slysum. 2. Hefur átt þátt í að gera hinn “þögla og ósýnilega” hóp slasaðra sýnilegan, en það eru þau fórnarlömb sem lifa af umferðaslysi. Vitað er að þessi fórnarlömb geta með umræðu haft áhrif í þá átt að bæta hegðun almennings. 3. Sögu ökuritaverkefni VÍS – Fyrirmyndar ökumenn. 20 ungmenni sem keyrðu með ökurita, Besti ökumaður Íslands valinn og fékk í verðlaun að fara í ökuskóla BMW. Verkefnið sýndi því miður að þeir sem aka varlega, fara að lögum og eru því til fyrirmyndir eru undantekning í umferðinni hér á landi! Meira að segja lögreglan tók fram úr þessum einstaklingum, sem öku um á löglegum hámarkshraða. Því var list að margir í umferðinni sýndu þessum einstaklingum mikinn dónaskap í umferðinni fyrir það eitt að fara að lögum.
Ríkislögreglustjóri	Lögregluátakið sl. sumar og haust. Hefur skilað sér í hraðalækkun og færri tjónum
Latibær	Frábært framtak til að auka heilbrigði barna.
deCODE genetics.	500 milljónir til forvarna-verkefna: Velferðarsjóður barna.
Landsbankinn.	Framlag til forvarna með Margrétarsjóðnum
Eimskip og Kiwanis	Hafa kostað verkefni Kiwanis hreyfingarinnar við að gefa reiðhjólahljálma til allra 7 ára barna.
Samstarfshópur um samþætta skimun í þungun	til að greina afbrigði snemma í fösturlífi. Þetta hefur gengið sérlega vel og tekist hefur að fækka inngripum á borð við legvatnsástungur. Yfir 70% þungaðra kvenna nýta sér hann
Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga	Samtökin hafa frá árinu 2000 staðið fyrir blóðfitu- og blóðþrýstingsmælingum um land allt í samvinnu við deildir samtakanna. Þessar aðgerðir hafa bjargað mannlífum
Beinvernd	Eitt af markmiðum þeirra að standa að fræðslu um beinþinningu meðal almennings og heilbrigðis-stétta. Stór þáttur í fræðslu Beinverndar felst í útgáfu á fræðsluefni fyrir alla aldurshópa. Vil ég sérstaklega benda á bæklinginn Sterk bein fyrir góða daga og Ratleik Beinverndar fyrir grunn-skóla. Einnig er mikið af upplýsingum á heimasíðu þeirra.
Bechtel	Fyrir markvissa vinnu í forvörnum á svæði Reyðaráls, en hún hefur leitt til þess að í dag hafa þeir náð þeim árangri að hafa unnið yfir 2 milljónir vinnustunda án slysa.
Reyk og eldpéttingar ehf	þeir hófu innflutning á vörum frá Firetherm í uk og unnið í helstu ný byggingum og eldra húsnæði flest öllum hótélum, Smáralind, Kringluni ásamt fjölbilishúsum um allan bæ talið við Forvarnarbeild Slöllviliðs rvk
Lýðheilsustöð	Fyrir frábært starf á sviði fyrsta stigs forvarna. Þar má nefna starf að áfengis- og vímuvörnum, slysavörnum barna, tóbaksvörnum, almennt að slysavörnum auk annarra framúrskarandi verkenfa á sviði forvarna
Landlæknisembættið	Markvisst og faglegt starf á sviði forvarna. Má nefna áfengis og vímuvarnir, vímuvarnir á meðgöngu, sjónvernd, sóttvarnir og slysavarnir.
Geðvernd	Geðvernd miðar að því að efla geðheilsu og draga úr geðheilsuvanda og afleiðingum geðsjúkdóma. Forvarnir gegn sjálfsvígum ásamt því að stuðla að betri líðan með átaki gegn þunglyndi svo dæmi séu tekin um gott starf Geðverndar.